

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.

#### 1. gr.

##### 3. gr. orðist svo:

Fasteignasali skal leggja fram ábyrgðartryggingu til greiðslu skaðabótaskylds tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir vegna starfsemi fasteignasalans og starfsmanns hans og kostnaðar vegna þess.

Með váttryggingunni skal greiða bætur allt að kr. 4.500.000 vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð váttryggingabóta innan hvers váttryggingarárs getur þó ekki orðið hærri en kr. 9.000.000.

Ábyrgðartryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika sem verða á váttryggingartímabili sbr. 91. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu váttryggingartaka í váttryggingarskilmálum en slíkt ákvæði hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Tilhögun eigin áhættu skal getið í váttryggingarskilmálum. Vilji váttryggingarfélag fremur geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun skal Tryggingaæftirliti ríkisins tilkynnt um slíka ákvörðun áður en hún kemur til framkvæmda.

Váttryggingarfjárhæðir eru miðaðar við lánskjaravísitölu 3346 stig og skulu þær breytast 1. apríl ár hvert í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu til þess tíma.

Váttryggingarfélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Ábyrgðartryggingin skal taka til starfsemi fasteignasalans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

#### 2. gr.

##### 4. gr. orðist svo:

Til að fullnægja tryggingarskyldu samkvæmt 3. gr. skal fasteignasali kaupa váttryggingu hjá váttryggingarfélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi.

Heimilt er fasteignasala þó að leggja fram samsvarandi bankaábyrgð, sem gefin er út af viðskipabanka eða sparisjóði, í stað váttryggingar hjá váttryggingarfélagi, enda veiti hún sambærilega vernd að mati dómsmálaráðuneytisins.

Falli váttrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingarfélag, viðskipabanki eða sparisjóður tilkynna það váttryggingartaka og dómsmálaráðuneytinu þegar í stað. Váttryggingartíma eða bankaábyrgðartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingarfélagið, viðskiptabankinn eða sparisjóðurinn tilkynnti váttryggingar-

taka og ráðuneytinu sannanlega um tryggingarslit. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til fasteigna- og skipasölu fallið úr gildi nema önnur fullnægjandi ábyrgðartrygging hafi verið sett, enda hafi váttryggingartaka sannanlega verið veittur kostur á að tjá sig um niðurfellingu leyfisins.

Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar reka fasteignasölu undir sama firmanafni, teljast þeir fullnægja ábyrgðartryggingarskyldu sinni með kaupum á einni sameiginlegri ábyrgðartryggingu, enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í váttryggingarskjöllum og á skjöllum og í auglýsingum fasteignasölnnar.

Allir váttryggingarskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins og Tryggingaeftirlits ríkisins.

3. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir fasteignasalar sem við gildistöku þessarar reglugerðar hafa gildar tryggingar í samræmi við eldri ákvæði 3. og 4. greinar reglugerðar nr. 520/1987 hafa frest til 1. júlí 1994 til þess að leggja fram skilríki um að þeir hafi váttryggingu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar enda séu þær tryggingar gildar til þess tíma.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. mars 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*